

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 617/1989, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

1. gr.

2. málsl. a-liðar 2. mgr. 7. gr. orðast svo: Nú fellur hráefni, efnivara eða hlutar til innlendar framleiðslu undir tollskrárnúmer sem tollar hafa verið felldir niður af vegna samninga, en talið er að innlend framleiðsla fullnægi engan veginn eftirspurn á innanlandsmarkaði eftir slíkum vörum eða vörum með sama notagildi og mun þá fjármálaráðuneytið, að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið taka sérstaklega til athugunar beiðni um niðurfellingu gjalda enda verði beiðni þar að lútandi studd fullnægjandi gögnum.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 13. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 7. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum og gildir fyrir vörur sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 22. mars 1995.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Nr. 195

27. mars 1995

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 11/1995 fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1995.

1. gr.

Í stað kr. 9.600 í 1. mgr. 1. gr. komi kr. 8.500.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfisstofnun, 27. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.